

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Vegholt, Vegholt nr. 1 í Reykholti.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 1 við Vegholt er skipt upp í tvær minni lóðir nr. 1 og 1a.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2008.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Helludals.*
Í breytingunni felst að eftirfarandi ákvæði fellur út: „Hámarksstærð bústaða skal ekki
vera meiri en 100 m².“ Í staðinn kemur: „Hámarksstærð bústaða skal miða við að
nýtingarhlutfall lóða fari ekki upp fyrir 0,03. Er þá miðað við bæði aðalhús og auka-
hús.“
Samþykkt í sveitarstjórn 8. apríl 2008.
3. *Breyting á deiliskipulagi við Myrkholt í landi Kjóastaða, gistiheimili.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 9.879 m² lóð þar sem fyrirhugað er að reisa
500 m² gistiheimili fyrir ferðapjónustu. Hámarkshæð húss er 9,2 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. ágúst 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2008